

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Árlegt vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 skal vera:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,320% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b- og c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,450% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

#### 2. gr.

Aukavatnsskattur sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

A) Þegar notkun vatns er mæld samkvæmt mæli í rúmmetrum skal greiða kr. 34 pr. m<sup>3</sup>.

B) Vatn til skipa kr. 306 pr. m<sup>3</sup>. Lágmarksgjald kr. 3.200.

C) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsgjald sem hér segir:

Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 41.

Af hverri smálest fiskjar lagðri upp í bræðslu kr. 87.

Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski kr. 114.

D) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu skal greiða kr. 34.056 fyrir vatnsnotkun hvern ársfjórðung.

#### 3. gr.

Mælaleiga fyrir:

Að 40 mm mæli kr. 4.477 á ári

40-49 mm mælir kr. 5.714 á ári

50-74 mm mælir kr. 7.970 á ári

75-99 mm mælir kr. 12.530 á ári

100 mm og stærri mælir kr. 19.350 á ári.

#### 4. gr.

Aukavatnsgjald samkvæmt 2. og 3. gr. er innheimt ársfjórðungslega eftir á.

#### 5. gr.

Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkрана húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 165.550. Fyrir hverja 10 m<sup>3</sup> umfram 400 m<sup>3</sup> kr. 2.390.

#### 6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn/veitustjórn að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 136/2014.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 20. nóvember 2014.

*Seyðisfirði, 13. janúar 2015.*

**Vilhjálmur Jónsson** bæjarstjóri.